

32. fundur hreppsnefndar Ásahrepps var haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 11. maí og hófst hann kl. 09:00.**Fundinn sátu:**

Elín Grétarsdóttir, Brynja Jóna Jónasdóttir, Karl Ölvisson, Nanna Jónsdóttir og Egill Sigurðsson.
Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nanna Jónsdóttir.

Dagskrá

1. Ársreikningur Ásahrepps, síðari umræða
2. Innkaupareglur Ásahrepps
3. Samþykkt um kjör kjörinna fulltrúa og greiðslur fyrir nefndarmenn
4. 17. júní
5. Fundargerðir
6. Erindi til hreppsnefndar
7. Næsti fundur hreppsnefndar

Gengið til dagskrár:**1. Ársreikningur Ásahrepps 2015, síðari umræða**

Ársreikningur 2015 fyrir Ásahrepp lagður fyrir seinni umræðu ásamt ársreikningum undirstofnanna: Leikskólinn á Laugalandi, Menningarmiðstöðin á Laugalandi, MML leiguíbúðir, MML eignasjóður. Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 49,7 millj. kr. og jákvæð um 48,6 millj. kr. fyrir A og B hluta. Heildareignir A og B hluta nema 418,3 millj. kr. heildarskuldir 60 millj. kr. og eigið fé 358,4 millj. kr. Veltufé frá rekstri A og B hluta var 58,8 millj. kr. Fjárfesting A og B hluta nam 78,3 millj. kr. og afborganir langtímalána 18,3 millj. kr.

Hreppsnefnd staðfestir ársreikninginn með undirritun sinni.

2. Innkaupareglur Ásahrepps

Hreppsnefnd samþykkir innkaupareglur Ásahrepps dags. 11. maí 2016.

3. Samþykkt um kjör kjörinna fulltrúa og greiðslur fyrir nefndarmenn

Lagt fram minnisblað dagsett 11. maí 2016 með samantekt á samþykkt um kjör kjörinna fulltrúa og greiðslur fyrir nefndarmenn.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirliggjandi minnisblað.

Samþykkt.

4. 17. júní

Samþykkt að 17. júní hátíðin verði haldin með svipuðu sniði og verið hefur í Ásabrekkuskógi.

Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

5. Fundargerðir**a) 19. fundur stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu bs. haldinn 26. apríl sl.**

Lagt fram til kynningar.

b) 33. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu bs. haldinn 25. apríl sl.

Lagt fram til kynningar.

c) 109. fundur skipulagsnefndar Uppsveita bs., haldinn 25. apríl sl. mál nr. 24 þarfnast umfjöllunar og mál nr. 27 er til kynningar.**Mál nr. 24. Ásmúli 1 165264: Ásmúli 1A-1C og Ásmúlasel: stofnun lóða - 1604037**

Lögð fram umsókn Hellatúns ehf. dags. 12. apríl 2016 þar sem óskað er eftir stofnun fjögurra lóða úr landi Ásmúla Inr. 165264.

Afgreiðslu málsins frestað þar til umsögn Vegagerðarinnar liggur fyrir.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar.

Mál nr. 27. Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 16-28 - 1604003F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 13. apríl sl.

d) 47. fundar stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs. haldinn 15. apríl sl.

Lagt fram til kynningar.

e) 25. fundur stjórnar Lundar, haldinn 12. apríl sl. liður 1 þarfnast staðfestingar.

Liður 1. Verksamningur v. viðbyggingar.

Afgreiðslu liðsins var frestað á 30. fundi hreppsnefndar þann 13. apríl sl. eftirfarandi bókun var gerð:

Drífa ber fyrirbyggjandi verksamning v. 2. áfanga viðbyggingar við Lund upp til samþykktar.

Samningur samþykktur, fulltrúi Ásahrepps situr hjá v. annmarka gagna (E.G.).

Samningur vegna 2. áfanga viðbyggingar við Lund undirritaður og vottaðir.

Gestur fór yfir stöðu mála og fyrirhugaðar framkvæmdir.

Bjarni Jón Matthíasson er eftirlitsmaður skv. samningum. Óskað er eftir að samningur við

Rangárþing ytra verði framlengdur til lok framkvæmda sem eru áætluð 15. janúar 2017.

Hreppsnefnd Ásahrepps frestar afgreiðslu liðsins þar til umbeðin gögn liggja fyrir í málinu.

Samþykkt.

Á með umbeðin gögn hafa ekki borist þá hafnar hreppsnefnd Ásahrepps fyrirbyggjandi samning fyrir sitt leyti.

f) Fundargerð aðalfundar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs., haldinn 25. apríl sl.

Mál nr. 2 og 5 þarfnast staðfestingar hreppsnefndar.

Mál nr. 2: Ákvörðun um breytingar á samþykktum samlagsins.

Lögð fram tillaga að endurskoðun á samþykktum byggðasamlagsins sem þegar hafa verið

samþykktar í stjórn samlagsins og öllum aðildarsveitarfélögum.

Hreppsnefnd samþykkir breytingar á samþykktum fyrir sitt leyti og felur sveitarstjóra að undirrita

samþykktirnar fyrir hönd Ásahrepps.

Mál nr. 5: Breyting á gjaldskrá.

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi gjaldskrárbreytingu.

6. Erindi til hreppsnefndar

a) Jakob S. Þórarinsson formaður ungmennafélags Ásahrepps fer þess á leit að fá fullnustu á loforði hreppsnefndar fyrir styrk upp á eina milljón króna til þess að halda áfram því viðhalds- og uppbyggingarstarfi félagsheimilisins sem vel er á veg komið.

Umrædd styrkveiting var samþykkt á síðasta kjörtímabili, á 60. fundi þáverandi hreppsnefndar þann 26. maí 2014.

Í ljósi fyrirbyggjandi loforðs samþykkir hreppsnefnd að veita Ungmennafélagi Ásahrepps styrk að fjárhæð 1,0 millj. kr. til endurbóta á húsnæði gegn framvísun ársreikninga fyrir árin 2014 og 2015

ásamt framkvæmdaráætlun við endurbætur á Ásgarði. Styrkurinn skoðast sem viðauki við

fjárhagsáætlun 2016 og er hækkun á gjöldum í málaflokki æskulýðs- og íþróttamála. Útgjaldaauka er mætt með lækkun á handbæru fé.

b) Beiðni frá Barnaheill - Save the Children á Íslandi um auglýsingu í tímariti sem þeir gefa út í lok maí.

Hafnað.

c) Beiðni frá nemendum 10. bekkjar úr Grunnskólanum á Hellu um auglýsingu í skólablaðinu.

Samþykkt að kaupa heilsíðu á 12.000 kr. styrkurinn bókast á lið 04.

d) Beiðni frá sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn um nýtt rekstrarleyfi til gististaðar í flokki II í Laufási frá Laufási ehf.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt en óskar jafnframt eftir afriti af rekstrarleyfi þegar það er gefið út.

e) Mál nr. 1/2016. Siðanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga barst erindi, dags. 27. mars 2016, þar sem óskað var eftir álitni nefndarinnar vegna meints brots á siðareglum

**sveitarstjórnarmanna og/eða meirihluta sveitarstjórnar Ásahrepps í Rangárvallasýslu.
Siðanefnd óskar eftir umsögn Ásahrepps áður en siðanefnd fjallar um málið.**

Oddviti lagði fram tillögu að svarbréfi. Lögfræðingi Ásahrepps falið að senda inn fyrirbyggjandi svarbréf fyrir hönd Ásahrepps.

Samþykkt með 3 atkvæðum (ES, EG og NJ)

KÖ situr hjá.

BJJ greiðir atkvæði á móti þessari umsögn Ásahrepps og skilar inn sér umsögn.

f) Tillaga frá Landsvirkjun um breytingu á girðingu við Sigöldustöð.

Samþykkt að vísa erindinu til fjallskiladeildar Holtamannaafrettar til umsagnar.

g) Erindi frá reiðveganefnd Geysis vegna fyrirhugaðar lagningu á reiðvegi frá Meiri-Tungu að Berustaðaafleggjaranum. Reiðveganefnd hefur ákveðið að verja 1.500.000 kr. í þetta verkefni og óskar eftir því að Ásahreppur komi með mótframlag allt að 1.000.000 kr.

Samþykkt að veita styrk að upphæð 500.000 kr. með því skilyrði að Rangárþing ytra veiti 500.000 kr. á móti þar sem áætlaður reiðvegur er nánast allur í Rangárþingi ytra.

h) Erindi frá Skarphéðni Jóhannessyni vegna fyrirtækis hans Heflun ehf. Efni: niðurfelling á styrk vegna markaðsátaks og ósk eftir því að umræddur styrkur verði veittur að nýju og þá fyrir árið 2015 og 2016.

BJJ vék af fundi undir þessum lið.

Umræddur styrkur hefur verið felldur niður og er ekki á fjárhagsáætlun Ásahrepps, erindinu hafnað (ES, EG og NJ).

KÖ situr hjá.

7. Næsti fundur hreppsnefndar

Næsti fundur hreppsnefndar verður 8. júní nk. á Laugalandi kl. 09:00.

Til kynningar:

- A. Íbúaskrá Ásahrepps frá 1. desember 2015.
- B. Íslenska sem annað tungumál.
- C. F undargerð 838. fundar stjórnar sambandsins.
- D. Til umsagnar 670. mál frá nefndasviði Alþingis.
- E. Frá nefndasviði Alþingis - 673. mál til umsagnar.
- F. 246. fundur Sorpstöðvar Suðurlands.
- G. Myndbandsupptaka frá menntaþingi.
- H. Stóra upplestrarkeppnin 20 ára - málþing í Norræna húsinu 12. maí.
- I. Hreyfivika UMFÍ 23. – 29. maí nk.
- J. Bréf til sveitarstjórna Rangárveitu.
- K. Fundargerð 171. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.
- L. 18. fundargerð stjórnar þjónustuvæðis um málefni fatlaðs fólks á Suðurlandi.
- M. Utankjörfundaratkvæðagreiðsla.
- N. Hlustunartölur útvarp vika 14 2016.
- O. Innleiðing rafrænna prófa - næstu skref.
- P. Skref í rétta átt.

Fundargerð yfirlésin, samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 11:20

Hreppsnefnd

Elín Grétarsdóttir (sign)

Brynja Jóna Jónasdóttir (sign)

Karl Ölvisson (sign)

Egill Sigurðsson (sign)

Nanna Jónsdóttir (sign)